



Alþingi
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 139/1949
komudagur 5.4.2011

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. mars 2011

Efni. Frumvarp til umferðarlaga 139. löggjafarþingi, þskj. 814 – 495. mál
Tilv. 2011020029

Bændasamtök Íslands veittu með bréfi, dags. 8. mars 2011, umsögn sína um ofangreint frumvarp. Landssamband hestamannafélaga veitti einnig umsögn sína með bréfi, dags. 22. febrúar 2011, en þar lætur félagið í ljós áhyggjur sínar af réttarstöðu ríðandi umferðar á skilgreindum reiðvegum, stígum eða slóðum. Bændasamtök Íslands vilja með bréfi þessu taka undir umsögn Landssambands Hestamannafélaga.

Þá vilja Bændasamtökin benda á að víða hafa bændur heimilað lagningu reiðvega sem slíkra um land sitt í góðri sátt við viðkomandi hestamannafélög. Ef vélknúnum ökutækjum verður heimilað að aka um þessa reiðvegi er ljóst að forsendur fyrir lagningu þeirra eru brostnar.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.